Sviðsmynd 6.1 - Óbreytt fyrirkomulag

Kostir	Gallar
Minna rask Þurfa ekki að taka rútu/strætó Félagsmiðstöð innanhúss-betri mæting Vinatengsl innan hverfis-auðveldari samgöngur Nálægð við frístundir/íþróttir Möguleikar á að komast heim á milli- betri nýting tíma Útikennslustofur	Þyrftu að koma lausar kennslustofur Skúrar viðkvæmir gagnvart veðri og músagangi (ef frístund færi í skúra væri mögulega betri tími) Fólk ákveður að flytja í hverfið út frá ákveðnum forsendum sem yrðu brostnar.

Aðrar athugasemdir:

Það vantar að klára heildarskipulag fyrir hverfið.

Frístund færi í færanlega kennslustofu

Viljum skólasel við Leirtjörn – m.t.t. áframhaldandi uppbyggingu þar

Elstu börnin í leikskólahluta Dalskóla færi út úr skólabyggingunni og skólinn gæti nýtt þeirra pláss.

Sviðsmynd 6.2- Breytt skólahverfamörk

Kostir	Gallar
	Börn sem búa mjög nálægt skólanum (Dalskóla) þyrftu að ferðast mjög langt í skóla, líka yngstu börnin. Mjög slæmar samgöngur fyrir gangandi á veturna, myndi kalla á aukinn akstur. Langt að heimsækja bekkjarfélaga úr öðrum hverfum. Erfitt félagslega ef vinahópar yrðu slitnir í sundur vegna hverfamarka. Foreldrar geta verið með börn á mismunandi skólastigum í mismunandi hverfum sem kallar á aukinn akstur. Bílasamgöngur-eykur álag á vegakerfið sem yrði erfitt. Systkini ekki í sama skóla.

Sviðsmynd 6.3.a

Kostir	Gallar
Styttra í bakarí/verslun/KFC fyrir unglinga Stærra tengslaval/námsfélagaúrval	Þekkir bekkjarfélagana síður-minni tengsl Missir tengsl við vini ef þeir lenda ekki saman í bekk Krakkar í Dalskóla búnir að vera að bíða eftir þessum flotta skóla- send í mun eldri skóla og fá ekki að njóta Dalskóla Rútur/strætóferðir Líkur á að Dalskóli springi upp í 7. bekk bráðum v/frekari uppbyggingar Börn/unglingar sem skipta um skóla vegna félagslegra/námslegra áskorana hefðu minni möguleika.

Sviðsmynd 6.3.b

Kostir	Gallar
Skólinn meira miðsvæðis en Ingunnarskóli Stærra tengslaval/námsfélagaval	Þekkir bekkjarfélagana síður-minni tengsl Missir tengsl við vini ef þeir lenda ekki saman í bekk Lengra að fara í búð/bakarí en úr Ingunnarskóla Rútur/strætóferðir Líkur á að Dalskóli springi upp í 7. bekk bráðum v/frekari uppbyggingar Flott útisvæði í Sæmó sem unglingarnir myndu ekki nota

Sviðsmynd 6.3.c

Kostir	Gallar
	Áframhaldandi uppbygging í Úlfarsárdal myndi valda því að skólinn myndi líklega springa fyrr en talið var. Þekkir bekkjarfélagana síður-minni tengsl Missir tengsl við vini ef þeir lenda ekki saman í bekk Lengra að fara í búð/bakarí en úr Ingunnarskóla Rútur/strætóferðir

	Líkur á að Dalskóli springi upp í 7. bekk bráðum v/frekari uppbyggingar Flott útisvæði í Sæmó sem unglingarnir myndu ekki nota

Umsögn um Skýrslu starfshóps um framtíð skóla- og frístundastarf við Ingunnar-, Dals- og Sæmundarskóla

Foreldrahópur kom saman til að ræða væntanlegar breytingar á skólastarfi í 113 Reykjavík. Allar sviðsmyndirnar hafa áhrif á börn í Dalskóla. Áhrifin eru þó mis-mikil, allt frá því að setja upp færanlegar stofur við Dalskóla yfir í að flytja

Sviðsmynd 1 - Óbreytt fyrirkomulag	
Settar verðu lausar stofur við Dalskóla meðan kúfurinn gengur yfir. Koma frístundastarfinu við Ingunnarskóla og Sæmundarskóla inn í skólabyggingarnar eftir því sem börnum fækkar við skólana (byrja frá hausti 2023 við Ingunnarskóla).	
Kostir	**Gallar**
Stöðuleiki fyrir börnin að vera í sínu nærumhverfi.	Dalskóli er of lítill miðað við nemendafjölda næstu árin.
Stutt fyrir börnin í skóla-, frístundar- og félagsstarf.	Dalskóli er alveg sprunginn og nemendur eru alltof margir í bekk og hljóðáreiti gríðarlegt. Ekki næg mönnun til að sinna sérþörfum barna
Ekkert auka-skutl og umferð á milli hverfa. Umhverfisvænna.	
Sjálfbært hverfi í Úlfarsárdal með allt skóla-, frístundar- og íþróttastarf.	
Minnsta raskið fyrir skólastarfið - þarf ekki að endurskipuleggja skólastarfið frá grunni.	
Mesta þátttaka í félagsmiðstöðvarstarfi þegar það er í nær-umhverfinu.	
Nemendur og kennarar fá að halda áfram að þróa starfið í húsnæði sem lengi var beðið eftir og þraukað við óviðunandi aðstæður í stað þess að rífa allt upp aftur til að breyta og endurskipuleggja	
Tillögur til stuðnings sviðsmynd 1:	
Nýta betur rými sem eru til í Dalskóla, t.d. menningarrými og íþróttahús.	
skólanum.	
Setja upp færanlegar stofur fyrir nemendur við Dalskóla á meðan of mörg börn eru í skólanum.	
Byggja barnaskóla (1-7 bekk) norðan við Skyggnisbraut - unglingar sameinast í Dalskóla í 8-10 bekk.	
Vegna fáa unglinga í Ingunnarskóla mætti koma á samstarfi í unglingadeildum skólanna til þess að auka val og sérhæfingu (eins og á Akureyri)	
Færa frístundarstarf Ingunnarskóla inn í skólabygginguna og samreka með skólanum líkt og er gert í Dalskóla - gerir skólann rekstrarlega hagkvæman.	
Halda áfram með Íslenskuver í Ingunnarskóla til þess að nýta skólarýmið (ath. þessir nemenedur teljast ekki í nemendafjöldan í skýrslunni).	
Hafa skólatíma á mismunandi tímum… helmingur nemenda frá 8:30-14 og hitt 10:30-16 (frístund opin ef það þarf að brúa bilið hjá einhverjum)	
Sviðsmynd 2 - Breytt skólahverfamörk	
Úlfarsárdalnum færu í Sæmundarskóla.	
Kostir	**Gallar**
	Langt fyrir mörg börn í Úlfarsárdal að fara úr hverfinu sínu í skóla í Sæmundarskóla. Börnin sem búa næst Dalskóla myndu færast.
	Börn ekki í bekk með krökkum í sínu nær-umhverfi.

	Óvistvænt - meiri umferð og skuld á milli hverfa.
	Veðurfar á milli hverfa oft slæmt á veturna og ófært.
	Dregur úr þátttöku barna í félagsstarfi að þurfa að fara á milli hverfa eftir skóla.
	Ekki boðlegt að börn sem búa næst Dalskóla, stunda skólasund þar og íþróttir í Framheimilinu gangi í annan skóla.
	systkini lenda mögulega í sitthvorum skóla, séu þau með lögheimili í sitthvorri götunni
Sviðsmynd 3abc - Dalskóli verður barnaskóli (1-7 bekkur) og unglingar sameinast í unglingaskóla (8-10 bekk)	

a) Ingunnarskóli taki við unglingum úr öllum þremur skólahverfum. Dalskóli verður barnaskóli fyrir 1-7 bekk. Skólabílar.
b) Sæmundarskóli taki við unglingum úr öllum þremur skólahverfum. Dalskóli verður barnaskóli fyrir 1-7 bekk. Skólabílar.
c) eins og b) nema Dalskóli tekur við nememdur úr Reynisvatnsási.

Kostir	Gallar
Býr til skemmtilega menningu að hafa eingöngu unglingastigi saman	Óumhverfisvænt. Meira skutl og umferð á milli hverfa.
Bætir gæði kennslu með sérhæfingu og eykur líkur á auknum fjölbreytileika í vali.	Oraunhæft að fleiri börn gangi/hjóli í skólann þegar það er lengra í burtu.
Gefur möguleika á stig skiptu námi til að fleiri nemendur fái námsefni við hæfi	Kostnaður við breytingar til að aðlaga skólanna.
	Veðurfar á milli hverfa oft slæmt á veturna og ófært.
	Skólarnir eru hannaðir og byggðir sem heilstæðar einingar.
	Erfið breyting/rask og kvíði fyrir mörg börn.
	Dregur úr þátttöku barna í félagsstarfi að þurfa að fara á milli hverfa eftir skóla.
	Kennarar skólanna sem hafa sérhæft sig í kennslu á ákveðnu stigi ekkert endilega tilbúnir að breyta um vinnustað né skólastig
	systkini lenda mörg hver í sitthvorum skólanum, með mismunandi frídaga, viðtalsdaga og uppábrot á skólastarfi
	skólarútan er kjörstaður eineltis, í þessari tillögu færu mörg börn alla daga tvisvar í rútu, suma daga oftar vegna aksturs í sund o.fl.
Skv upprunalegu deiliskipulagi hverfisins átti Dalskóli að vera barnaskóli og unglingadeild átti að vera sérbygging við Leirutjörnina.	
	Eru engin rakavandamál í Ingunnarskóla eða Sæmundarskóla? Enn sem komið er í Dalskóli í lagi fyrir börn sem eru mjög næm fyrir myglu- og rakaskemmdum.

Athugasemdir vegna framtíðarskipan skóla- og frístundamála í Grafarholti og Úlfarsárdal

Starfsfólk Dalskóla sendir frá sér eftirfarandi athugasemdir varðandi framtíðarskipan skóla- og frístundamála í Grafarholti.
Starfsfólk Dalskóla styður óbreytt fyrirkomulag en eftirfarandi hugmyndir komu fram.

- Byggt verði skólaútibú uppi við Leirtjörn, setja upp skúraborg þar. Hugsanlega leikskóli og upp í 4. bekk
- Grunnskólahluti fái leikskólarýmið í Móa og leikskólahúsnæði yngri barna verði stækkað til að rúma alla árganga leikskóla.
- Ef nauðsynlegt er að breyta skipulagi skólastarfs í hverfinu út frá tillögunum í skýrslunni, telur starfsfólk skást að hafa unglingasafnskóla í Sæmundarskóla og Dalskóli haldi 1. - 7. bekk úr sínu hverfi.





Umsögn skólaráðs Ingunnarskóla um skýrslustarfshóps um framtíð skóla- og frístundastarfs við Ingunnar-, Dals- og Sæmundarskóla.

17. febrúar 2023

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

6.1 Óbreytt fyrirkomulag.
Lausar stofur við Dalskóla og frístundastarf inn í Ingunnar- og Sæmundarskóla.

Styrkleikar og tækifæri:

- Hugsanlega ódýr lausn.
- Stutt að fara í skólann fyrir alla nemendur.
- Lítið inngrip.

Veikleikar og ógnanir:

- Óhentugt að hafa frístund og kennslu í sömu rýmum fyrir starfsfólk og ekki síður nemendur.
- Ekkert viðbótar fjármagn vegna þrifa og reksturs húsnæðisins og því fellur viðbótar kostnaður á Ingunnarskóla.
- Óhagstæður nemendafjöldi (a.m.k. í Ingunnarskóla) – erfitt rekstrarlega.
- Rask á skólastarfi/skipulagi kennslu í Ingunnarskóla.
- Eins og staðan er eru engar lausar stofur til fyrir frístunda- og félagsmiðstöðvar starfið.
- Kallar á kostnaðarfrekar breytingar á húsnæði Ingunnarskóla.
- Leysir ekki rekstrarvanda Ingunnarskóla.

6.2 Breytt skólahverfamörk

Mörkin færð til milli Ingunnar- og Sæmundarskóla. Börn neðst í Úlfarsárdalnum færu í Sæmundarskóla.

Styrkleikar og tækifæri:

- Foreldrar geta valið fyrir nemendur hvorn skólann það fer í samkvæmt reglum borgarinnar.
- Skólarnir halda réttum nemendafjölda.
- Ódýrasta lausnin.

Veikleikar og ógnanir:

- Vegalengdir.
- Vinatengsl.
- Skólabíll fyrir yngri börnin.
- Fólk sem er að byggja þarf að keyra börnin.
- Ókostur að vera að breyta í Sæmundarskóla þar sem fjöldinn þar er hagstæður.
- Styrkir Ingunnarskóla faglega og rekstrarlega.

6.3.a Sæmundar- og Dalskóli verði barnaskólar og Ingunnarskóli unglingaskóli

Styrkleikar og tækifæri:

- Fleiri unglingar – meira vinaval.
- Leysir rekstrarvanda Ingunnarskóla.

Veikleikar og ógnanir:

- Vegalengdir fyrir yngri börnin.
- List- og verkgreinasvæði lítil fyrir unglingastarf og kennslu.
- Vegalengdir fyrir eldri börnin.
- Færir vandann yfir á hina hverfisskólana.

6.3.b Ingunnar- og Dalskóli verði barnaskólar og Sæmundarskóli unglingaskóli

Styrkleikar og tækifæri:

- Einstaklingsmiðaðra nám.
- Skemmtilegra fyrir unglingana félagslega.
- Jafnvægi í nemendafjölda skólanna.
- List- og verkgreinasvæði betri í Sæmundarskóla.
- Sæmundarskóli með betri svæði fyrir fjölbreyttara val.

Veikleikar og ógnanir:

- Ungu nemendurnir í Sæmundarskóla hverfinu þurfa að fara langa leið í skóla.
- Erfitt að skipta um skóla.
- Ef frístundastarf færi sömuleiðis inn í skólann er Ingunnarskóli kominn langt yfir þolmörk.
- Breytingar eru alltaf erfiðar.
- Ingunnarskóli yfirsetinn samkvæmt spánni.

6.3.C Sama sviðsmynd og 6.3. b nema Dalskóli fengi nemendur úr 1.-7. bekk úr Reynisvatnsási

Styrkleikar og tækifæri:

- Styttra fyrir börn úr Reynisvatnsási í skólann.

Veikleikar og ógnanir:

Samantekt og ábendingar

- Börn í hverfinu nálægt Úlfarsfellinu (sem er nýjasti hluti hverfisins og börn eiga lengsta vegalengd í Dalskóla) fari með skólabíl í Ingunnarskóla og óbreytt í Sæmundarskóla.
- Unglingar í skólaráðinu bentu á að þeim þættu margir styrkleikar í að hafa einn stóran unglingaskóla, bæði félagslega, faglega og meira úrval valgreina.

Tölvupóstur með ábendingu frá fulltrúa foreldra í skólaráði, 16. 02. 2023

- Hæ, hæ,
- morgundagurinn breyttist aðeins í vinnunni hjá mér og það er því ekki víst að ég nái að mæta á fundinn á morgun. Ef ske kynni að ég kemst ekki, þá hef ég þetta að segja:

- Ég hlustaði á fundinn og hef engar athugasemdir um tillögurnar sjálfar (er enn samt að melta þær).
- Mér finnst þó þurfa að skoða vel bæði fjarlægðir fyrir krakkana gagnvart því að labba í skólann og heppilegar gönguleiðir fyrir þau (sérstaklega milli Úlfarsárdals og Grafarholts). Mögulega þyrfti að skoða að hafa "skólarútu" milli svæða.

- Einnig mætti skoða betri gönguleiðir/gangbrautir framhjá hringtorginu hérna neðarlega við kristnibraut ef stór hluti barna þarf að fara þar um (s.s börn Sæmundarskólamegin að fara í Ingunnarskóla og öfugt).

- Við búum núna nálægt Sæmundarskóla og mér finnst vegalengdin upp í Ingunnarskóla alveg í lagi, líka þó hún væri í 1.bekk. Það er styttra en ég þurfti að labba þegar ég bjó í smábæ úti á landi.
- Spurning samt hvernig það er fyrir börnin sem búa "yst" í hverfunum, sérstaklega fyrir 1-4.bekk.

Umsögn foreldrafélags Ingunnarskóla við tillögum starfshóps um framtíð skóla- og frístundastarfs við Ingunnar-, Dals- og Sæmundarskóla

Á aðalfundi foreldrafélags Ingunnarskóla miðvikudaginn 8. mars 2023 kom fram sterkt ákall um að foreldrafélagið sendi inn umsögn vegna tillagna starfshóps um framtíð skóla- og frístundastarfs við Ingunnar-, Dals- og Sæmundarskóla. Tillögurnar voru ekki á dagskrá aðalfundar en foreldrar höfðu þá fengið kynningarfund um skýrsluna á Teams-fundi í vikunni áður, eða fimmtudaginn 2. mars, og skapaðist umræða undir önnur mál. Í kjölfarið var öllum foreldrum skólans boðið að senda formanni sín sjónarmið inn í umsögn foreldrafélagsins.

Þrettán umsagnir bárust, þar af studdu þrjár tillögur starfshópsins að breytingum á fyrirkomulagi skólastarfs í hverfinu og átta vildu óbreytt fyrirkomulag. Þá benda nokkrir á að skólastjórnendur í Ingunnarskóla og Reykjavíkurborg hafi ekki staðið nægilega vel að kynningu fyrir foreldrum.

Helstu sjónarmið með breyttu fyrirkomulagi:

- Gæði náms verði meira og starfið öflugra.
- Unglingar sem eiga erfitt félagslega fengju aukna möguleika til að eignast félaga.
- Sameinuð félagsmiðstöð gæti boðið upp á öflugra starf og fleiri opnanir.
- Unglingaskóli gæti boðið upp á fleiri valfög.
- Auðveldara að ná utan um þarfir unglinga í unglingaskóla.
- Búnaður skólanna nýtist betur ef aldursbilið er minna.
- Auðveldara að taka á vandamálum og ná til allra í einu ef allir unglingar eru á sama stað.

Helstu sjónarmið með óbreyttu fyrirkomulagi:

- Breytingar myndu þýða langar vegalengdir til og frá skóla.
- Vanda Dalskóla sé hægt að leysa með færanlegum kennslustofum og/eða nýjum leikskóla.
- Þá sé nauðsynlegt að byggja nýjan grunnskóla í nýjasta hluta Úlfarsárdals.
- Ingunnarskóli gæti sérhæft sig í móttöku nemenda af erlendum uppruna, sbr. námsver.
- Börn eigi að geta sótt skóla í nærumhverfi sínu en ekki treysta á skólarútu eða foreldra.
- Frístundir barnanna haldast í hendur við staðsetningu skólans.
- Tímabundin fólksfjölgun í Úlfarsárdal eigi ekki að bitna á fjölskyldum í Grafarholti.
- Grafarholt og Úlfarsárdalur ekki sama hverfið og almennt lítil tenging á milli hverfanna.
- Safnskóli takmarki valkosti ef vandamál koma upp og talið er best að skipta um skóla.
- Skerðing á lífsgæðum barna að geta ekki gengið í skólann.
- Eykur umferð við skólana með tilheyrandi mengun og aukinni slysahættu.
- Fjölskyldur velji sér húsnæði með tilliti til staðsetningu skóla.
- Góð tenging milli leikskóla og grunnskóla mikilvæg þegar börn hefja skólagöngu.

Stjórn foreldrafélags Ingunnarskóla tekur undir gagnrýni foreldra um að skýrslan og tillögurnar hafi ekki verið nægilega vel kynntar fyrir foreldrum í hverfinu. Þá leggur stjórnin áherslu á að verði niðurstaðan sú að farið verði í breytingar á skóla- og frístundastarfi í hverfinu þá þurfi að kynna breytingarnar mjög vel fyrir foreldrum.

Stjórn foreldrafélags Ingunnarskóla

Umsagnir frá foreldrum:

Umsögn 1:

Ákjósanlegast fyrir börnin í hverfinu er óbreytt skólahald.

Afhverju:

Fyrir mörg börn verða langar vegalengdir til og frá skóla. Langt verður fyrir börn í Úlfarsárdal að fara í Ingunnarskóla eða Sæmundarskóla. Eins er langt fyrir þau börn sem búa í götunum í og við Sæmundarskóla að fara í Ingunnarskóla eða Dalskóla. Að auki er ansi langt fyrir börn sem búa í hinum enda hverfis (fyrstu húsin við Kristnibraut og þar í kring) að fara í Sæmundarskóla eða Dalskóla.

Grafarholt og Úlfarsárdalur búa ekki að mikilli veðursæld yfir háveturinn og getur færð því spillst með stuttum fyrirvara og því getur verið erfitt að treysta á strætó samgöngur fyrir börnin í hverfinu. Miklar líkur eru á því að enn fleiri börnum verði skutlað/sótt í skóla og bera aðalæðar hverfisins nú þegar illa morgunumferðina í og við leik-og grunnskólana í hverfinu.

Til að sporna við of miklu raski í lífi barnanna í hverfinu sökum þess að Ingunnarskóli er fámennur, Dalskóli margmennur og Sæmundarskóli með hæfilegan nemendafjölda, þá eru hér nokkrir punktar.

Dalskóli:

• bæta við færanlegum kennslustofum við Dalskóla eða fá aðgang að rýmum í Fram heimilinu. Tímabundið úrræði á meðan Úlfarsárdalur nær jafnvægi. Algent er að ný hverfi “springi” tímabundið og því alger synd að láta nemendafjölda/íbúafjölda í Úlfarsárdal hafa áhrif á hina skólana í hverfinu.

• byggja nýjan leikskóla í Úlfarsárdal og breyta núverandi leikskóla í grunnskóla (Dalskóli).

• byggja nýjan grunnskóla í Úlfarsárdal í nýjasta hluta hverfis, mig minnir að nú þegar séu plön um enn frekari fjölgun íbúa í nýjasta hluta Úlfarsárdal. Afhverju var því ekki byggður stærri skóli upphaflega? Eða afhverju er ekki talað um að byggja skóla í nýjasta hlutanum?

Ingunnarskóli:

• flytja frístund alfarið inn í skólabygginguna. Samrekinn skóli og frístund?

• í Ingunnarskóla er námsver fyrir nemendur af erlendum uppruna sem eru nýkomnir til landsins. Væri hægt að óska eftir því að fá þá nemendur skráða sem nemendur við Ingunnarskóla? Hægt væri að athuga hvort Ingunnarskóli geti sérhæft sig í móttöku nemenda af erlendum uppruna fyrir ákveðinn hluta Reykjavíkur og þannig náð að halda “nær óbreyttu” skólahaldi fyrir núverandi og verðandi nemendur Ingunnarskóla.

• Ingunnarskóla hverfið hefur verið að eldast. Eðlileg þróun. Reynslan segir okkur að hverfið muni yngjast á nýjan leik. Því á ekki að breyta fyrirkomulaginu.

Sæmundarskóli:

• er í fínu jafnvægi hvað nemendafjölda varðar.

• engin ástæða til að hrófla við starfinu þar.

Að lokum:

Hverfið okkar (Grafarholt, Úlfarsárdalur og Reynisvatnsás) er ekki til þess fallið að vera með sérstakan unglingaskóla, vegalengdir eru langar milli hverfahluta og enginn af skólunum þremur er miðsvæðis innan hverfis. Hvað yngri börnin varðar þá er alger fásinna að senda þau milli hverfahluta í hvaða veðri sem er og svo má ekki gleyma að heil á skilur hverfið í sundur. Gatnahverfið hér innan hverfis mun höndla illa þá auknu umferð sem búast má við þegar fólk sér sig nauðugt til að skutla börnum sínum. Við vitum að þó boðið verði uppá skólaakstur að þá eru litlar líkur á að öll börn muni eiga rétt á skólaakstri og foreldrar munu því margir hverjir skutlar börnum sínum, því vegalengdir verða samt sem áður langar fyrir mjög marga.

Umsögn 2:

Ég styð þessar fyrirhuguðu breytingar heilshugar og tel þær vera framfaraskref fyrir alla. Nemendur njóta meiri gæða og allt starf verður öflugra.

Umsögn 3:

Ég vildi bara koma því á framfæri að við maðurinn minn myndum vilja hafa þetta fyrirkomulag óbreytt.

Við erum með barn í fyrsta bekk í Ingunnarskóla og annað barn sem kemur til með að fara líka í Ingunnarskóla.

Við erum mjög ánægð þar og viljum sem minnst rask fyrir börnin. Okkur finnst það vera hluti af þjónustu borgarinnar við íbúa að börn geti sótt skóla í nærumhverfi sínu og ekki þurfa að treysta á að þurfa að vera ferjuð á milli með rútu eða þá að foreldrar þurfi að keyra börnin á milli alla skólagönguna. Þá haldast frístundir okkar barna í hendur við staðsetningu skólans.

Umsögn 4:

Vil endilega sjá breytingar á skólaskipulagi þannig að unglingaskóli verði að veruleika í hverfinu. Alveg sama hvort það væri í Sæmundar- eða Ingunnarskóla.

-alltof fá börn í Ingunnarskóla og stundum erfitt félagslega vegna fæðar, t.d. afar fáir drengir í 5. bekk og afar fáar stelpur í 7. bekk. Erfitt þegar börn komast ekki inn í þröngan hóp að þá eiga þau erfitt uppdráttar félagslega en með unglingaskóla hefðu börnin mun meira félagslegt rými og fleiri möguleiki til að eignast félaga.

-ein stór félagsmiðstöð í hverfinu myndi geta boðið upp á miklu fleiri opnanir, þá myndu þau sem aldrei komast t.d. vegna íþróttaiðkunar einnig hafa tækifæri til að sækja starf félagsmiðstöðvarinnar.

-félagsmiðstöð unglingaskóla getur með miklu öflugra móti verið til staðar og aðstoðað með menningu unglinga heldur en þrjár litlar félagsmiðstöðvar þriggja mis stórra skóla. Líka erfitt að ná yfir menningu hverfis ef unglingarnir eru í þremur skólum heldur en einum.

-með unglingaskóla myndi sá fjöldi skapast í skólanum að hægt væri að bjóða upp á miklu meira val eins og framkvæmanlegt er í öðrum unglingaskólum í borginni.

-miklu meiri möguleikar fyrir hvern skóla að ná til síns nemendahóps ef aldursbilið er minna í hverjum skóla. Auðveldara að ná utan um þarfir unglinga þegar eingöngu er verið að hugsa um unglingamál alla daga en ekki einnig börn að hefja grunnskólagöngu.

-búnaður skóla nýtist betur ef t.d. eingöngu er verið að huga að unglingum – þá þarf húsbúnaður og afþreying ekki einnig að nýtast yngri nemendum.

-börn eru ung farin að nýta sér frístundaakstur og strætó til að komast ferða sinna innan hverfis og því skiptir engu hvort skólinn sé endilega í lítilli göngufjarlægð – allt er í göngufjarlægð innan hverfisins ef fólk vill en þeir sem kjósa að ferðast um í strætó geta vel gert það frá 1. bekk. Enda einhver börn sem búa í Úlfarsárdal/Reynisvatnsás og taka strætó í Ingunnarskóla og mögulega öfugt.

-börn hafa góða aðlögunarhæfni og verða fljót að venjast breyttu fyrirkomulagi – megum ekki hengja okkur í að fullorðna fólkinu finnist nýtt skipulag óyfirstíganlegt. Börnin þekkjast úr íþróttum ofl. og með því að safna saman unglingunum held ég að það skapist bara betra andrúmsloft/stemning í hverfinu.

-með unglingaskóla er auðveldara að taka á „vanda“ sem upp kann að koma í hverfinu – allir unglingar á sama stað og ætti að vera auðveldara að ná til allra í einu.

Gæti haldið endalaust áfram en unglingaskóli er málið!

Umsögn 5:

Við erum a.m.k. á móti sameiningu skólanna. Ef það þarf að gera eitthvað þá skv skýrslunni sem var tekin saman er besta lausnin að breyta hverfamörkunum fyrir hvern skóla aðeins.

Umsögn 6:

Sjónarmið okkar fjölskyldu er þau að við viljum óbreytt fyrirkomulag. Börnin eru ánægð í Ingunnarskóla og við viljum ekki að það sé hróflað við þeim. Einnig var búseta okkar valin með tilliti til fjarlægðar við grunnskólann (Ingunnarskóla) og okkur hugnast ekki að lengja leið krakkanna í skólann. Þá er veður oft mjög leiðinlegt hér í efri byggð yfir vetrartímann og okkur líst ekki vel á að börnin þurfi að vera á ferðinni um lengri leið í slíkum aðstæðum.

Þá er það tímabundið ástand að fólksfjölgun í Úlfarsárdal sé mikil og á hún ekki að bitna á fjölskyldum í Grafarholti. Um er að ræða þekkta þróun í nýjum hverfum Reykjavíkurborgar sem yfirvöld ættu þegar að átta sig á að bregðast þurfi við innan hverfisins/Úlfarsárdals. Grafarholt og Úlfarsárdalur eru ekki eitt og sama hverfið og almennt er lítil tengin á milli hverfanna.

Þá erum við ekki hrifin af þeirri hugmynd að unglingadeildin verði öll í einum skóla (safnskóla). Það takmarkar þá valkosti sem eru í stöðunni ef upp koma vandamál sem leiða til þess að barn og foreldrar þess telji best að skipt sé um skóla.

Við viljum því óbreytt ástand.

Umsögn 7:

Skipulagsyfirvöld borgarinnar velta sínum vandræðum yfir á íbúana, þ.e. Dalsskoli var hannaður of lítill í upphafi. Það er í rauninni ekki ásættanlegt að uppbygging á nýju hverfi sé látin bitna á grónum hverfum. Þetta er enn eitt skipulagsslysið sem að borgaryfirvöld bjóða hverfisbúum í Grafarholti upp á sbr. gatnamótin við Húsasmiðjuna.

Þetta er viðvarandi vandamál alls staðar við hönnun nýrra hverfa í borginni að stoðþjónusta gleymist og þetta bitnar ætíð á þeim hópum sem eru hvað viðkvæmastir, börnum, öldruðum og fötluðum.

Af hverju þarf mesta þjónustuskerðingin að vera í úthverfum?

Þetta er skerðing á lífsgæðum barna sem hafa ekki möguleikann á að ganga í skólann, skerðir útiveru og það er alveg nóg að hökta í skólabíl í sund.

Leiksvæðin við skólana verða verr nýtt og ekki minnst á þeirra getu miðað við fjölda barna í samantektinni.

Eykur umferð við skólana með tilheyrandi mengun og aukinni slysahættu.

Skólarnir í dag eru ekki endilega fullbúnir t.d. er Ingunnarskóli ekki með smíðastofu og það vantar rými í það í stað þess að auka nemendafjölda.

Þetta er heilmikill kostnaður sem bætist við fyrir foreldra með auknu skutli og aukinni umferð, því þó það verði boðið upp á skólabíla þá er samt mikið skutl í gangi eins og sést t.d. við nýju aðstöðuna í Miðdal sem var sprungin við opnun a.m.k. hvað aðgengi varðar og einnig með þá nemendur sem að í dag eru að koma í Ingunnarskola en búa nálægt Sæmundarskóla - það er miklu meira skutl í gangi með þá nemendur.

Umsögn 8:

Styð þá tillögu heilshugar að unglingaskóli verði í hverfinu. Verður möguleiki á meira vali, betri félagsmiðstöð og meira ùrval vina :)

Umsögn 9:

Ég og maðurinn minn erum á móti þessum tillögum og viljum hafa skólastarfið í Ingunnarskóla óbreytt.

Umsögn 10:

Ég verð að viðurkenna að bæði skýrslan og aðdragandi hennar kemur nokkuð á óvart. Boðað er til aðalfundar foreldrafélags Ingunnarskóla þann 1 mars. sl. þar sem á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf. Ég tel umræðu um breytt fyrirkomulag skólamála í hverfinu ekki vera hefðbundin störf aðalfundarstörf og betra hefði verið að taka þetta sérstaklega fram í fundarboðinu.

Ég sé að mikil vinna hefur verið lögð í skýrslu starfshóps um skólahverfismálin. Engu að síður hefur enginn póstur borist frá skólastjórnanda Ingunnarskóla um að þessi vinna standi yfir né neinar upplýsingar er um þessa vinnu að finna á heimasíðu skólans.

Þetta er bagalegt og ekki við þig eða foreldrafélagið að sakast en engu að síður þætti mér vænt um ef þú kæmir þessum ábendingum mínum áleiðis.

Það er ljóst í skýrslu starfshópsins að helstu kostir og gallar eru reifaðir við ýmsar leiðir til þess að takast á við fjölgun barna í Dalsskóla. Því er fáu við að bæta fyrir utan að foreldrar í Ingunnarskóla sem hafa ákveðið að búa í nærumhverfi Ingunnarskóla með lítil börn af fjölmörgum ástæðum eiga ekki að sætta sig við að þurfa nú að keyra eða koma börnum í skólaakstur vegna fjarlægðar við aðra skóla. Það er mikil tímasóun og óumhverfisvænt. Félagslega hafa einhver börn gott af því að breikka tengslanet sín en þetta getur líka skapað óvissu hjá öðrum börnum sem fylgja sínum samnemendum úr leikskóla í grunnskóla.

Umsögn 11:

Sem foreldrar barna í 1. og 5. bekk Ingunnarskóla, og leikskólabarns á Maríubaugi, viljum við lýsa því yfir að við höfnum sameiningu skólanna í hverfinu á þeim forsendum að fjölskyldur hafa valið sér staðsetningu innan hverfis m.a. eftir skólum og staðsetningum skóla.

Þurfi að koma til breytinga á skólum hverfisins teljum við ákjósanlegast að sviðsmyndir 6.1 (óbreytt fyrirkomulag) eða 6.2 (breytt skólahverfamörk) séu tekin til nánari skoðunar.

Finnst okkur ekki boðlegt að þurfa að skutla börnunum okkar lengri vegalengdir innan hverfis til og frá skóla þegar þau geta gengið eins og staðan er nú. Ekki síður hugsað út frá umhverfissjónarmiði en öryggi þeirra við að fara til og frá skóla.

Einnig teljum við góða tengingu milli leikskóla og skóla mikilvæga þegar börn hefja skólagöngu. Báðar þekkjum við til góðar tengingar milli skóla og leikskóla, bæði milli Ingunnarskóla og Maríuborgar og einnig Sæmundarskóla og Reynisholts.

Þegar til lengri tíma er litið geta breytingar á skólunum haft áhrif á búsetu fjölskyldufólks í hverfinu.

Við vonum að ákvörðun verði tekin þar sem hagur barnanna verði hafður í fyrirrúmi.

Umsögn 12:

Við lýsum yfir algerri andstöðu við breytingar á Ingunnarskóla. Við erum foreldrar stúlku sem hóf nám í 1. bekk haustið 2022. Við höfum mætt á alla fundi tengda skólastarfinu og hvergi hefur verið minnst á að yfirvofandi sé kollvörpun á skólastarfinu og jafnvel strax haustið 2023. Þá gæti dóttir okkar þurft að fara í annan skóla vegna skipulagsbreytinga hjá borginni. Við keyptum hús í næsta nágrenni Ingunnarskóla haustið 2020 og stærsti kosturinn við það var að skólinn væri í göngufæri fyrir stúlkuna okkar. Nú á bara að kollvarpa því.

Okkur finnst það koma til greina að skólhverfamörkin væru sveiganlegri.

Lokaorð:

Við erum alfarið á móti breytingum á Ingunnarskóla. Okkur finnst vera komið aftan að okkur með þessu.

Umsögn 13:

Hér eru nokkrir punktar sem mér finnst eiga erindi í bréf frá foreldrafélagi Ingunnarskóla; rétt og viðeigandi að sameiginlegur vettvangur foreldra haldi m.a. til haga:

Foreldrar yngri barna eru væntanlega uppteknari af fjarlægð í skóla en foreldrar eldri barna.

Mögulegum félagslegum ávinningi eru gerð mjög lítil skil í undirbúningsvinnu Reykjavíkurborgar: Fámennur 8.-10. bekkur vs. hugsanlega x2-3 stærri (í sameinuðum unglingaskóla). Væri ekki rétt að fjalla um kosti/galla af þessu tagi?

Fyrir liggur að frístundaheimili Ingunnarskóla (Fókus) verður flutt, sbr. bls. 3 í skýrslunni þar sem segir að leigusamningi hafi verið sagt upp - þrátt fyrir að húsnæðið virðist henta starfseminni ljómandi vel - og ánægja muni haft ríkt með það meðal starfsfólks og notenda (barna). Á bls. 8 er vikið að þeim möguleika að færa Fókus inn í skólann og bent á að slík tilfærsla krefjist samvinnu við skólann. Það fyrirkomulag mun reyndar vera algengt og starfsfólk Fókus hafa m.a. bent foreldrum á að ef starfsemin væri innan veggja skólans væru

líkur til að fleiri börn tækju þátt/mættu en ella. Á bls. 12 í skýrslunni kemur hins vegar fram að skólastjóri Ingunnarskóla segi engan hvata í því að fá Fókus inn í skólabygginguna, ekki fylgi t.d. fjármagn vegna ræstingar. Starfsemi Fókus er mikilvæg fyrir börn á mið- og unglingastigi. Fókus hefur státað af góðu starfsfólki og nokkuð metnaðarfullu prógrammi utan skóla. Það er afar mikilvægt að hugað sé að þessum þætti í umgjörð nemenda Ingunnarskóla - hvernig sem samsetning nemenda verður á endanum.

Að sjálfsögðu leggjum við áherslu á gæði í skólastarfi, á öllum skólastigum og hver sem endanleg útfærsla verður í hverfinu okkar. Búa þarf vel að starfsfólki og nemendum, bæði í skóla og frístund.

Mér finnst persónulega sjálfsagt að gagnrýna skamman aðdraganda og/eða lítið gagnsæi á undirbúning þessara hugmynda.

Ég hefði haldið að stærsta sveitarfélagið væri þjálfaðra í samráði við íbúa sína, hvað þá í aðdraganda ákvarðanatöku af þessu tagi, sem varðar sannarlega heilu samfélögin (skóla og heimili).

Frístund hefur mikilvægt forvarnargildi inn í unglingsárin.

Það eru ekki öll börn upptekin í áhugamálum/íþróttum/tónlist.

Þetta er vettvangur sem öll börn hafa aðgang að.

Fólk er að sérmennta sig í tómstundafræðum - ég þekki svo sem ekki samsetningu starfsfólks Fókus nákvæmlega akkúrat núna - en ég hef bara fundið það á mínum börnum að þetta skiptir máli. Í nútímanum er tilhneigingin að loka sig af í tölvum/símum - frekar en vera úti að hreyfa sig eða eitthvað - og þegar það er spennandi vettvangur og dagskrá, gott fólk, góð aðstaða, þá sækja þau í að mæta - og þeim fjölgar sem láta sjá sig.

(Þegar prógrammið er lélegt, aðstaðan léleg o.s.frv. er auðvitað ekki stemmning fyrir þessu)





Umsögn
um skýrslu starfshóps um framtíð skóla- og frístundastarfs við Ingunnar-, Dals- og Sæmundarskóla.
Kennara- og starfsmannafundur
Ingunnarskóla 21. 02. 2023

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

6.1 Óbreytt fyrirkomulag.
Lausar stofur við Dalskóla og frístundastarf inn í Ingunnar- og Sæmundarskóla.

Styrkleikar og tækifæri:

- Foreldrar eru með öll börnin sín á sama stað.
- Aksturssparnaður.
- Starfsfólk/ andi fær að þróast áfram á sinn jákvæða hátt.
- Börnin geta labbað í skólann.
- Styttra á milli vina.

Veikleikar og ógnanir:

- Kostnaðarsamt að setja upp lausar stofur.
- Flókið að deila húsnæði með Frístund, ekki rými sem henta. Hentar alls ekki að samnýta kennslustofur með frístundastarfi.
- Nemendafjölgun mjög óhagstæð.
- Þyrfti mögulega að kenna í lausum stofum í 20 árþ
- Flókið að deila húsnæði með félagsmiðstöð.
- Neikvætt fyrir börnin að vera í skóla og kvöldstarfi á sama stað.

6.1 Óbreytt fyrirkomulag.
Lausar stofur við Dalskóla og frístundastarf inn í Ingunnar- og Sæmundarskóla.

Styrkleikar og tækifæri:

Veikleikar og ógnanir:

- Fækkun starfsfólks
- Kostnaðarsamt að vera með lausar stofur og setja upp
- Ólík stefna frístundar og skóla sbr. reglur
- Höfum reynslu af frístund á svæði.
  - Það giltu ekki sömu reglur
  - Gögn fengu ekki að vera í friði
  - Nemendur þurfa líka að breyta um umhverfi
  - Vinnuaðstaða kennara engin
  - Ekki hægt að ganga frá stofu eða hengja upp og taka til efni fyrir næsta dag.

6.2 Breytt skólahverfamörk

Mörkin færð til milli Ingunnar- og Sæmundarskóla. Börn neðst í Úlfarsárdalnum færu í Sæmundarskóla.

Styrkleikar og tækifæri:

- Minnsta raskið að færa skólahverfismörkin
- Rekstur Ingunnarskóla yrði hagstæðari með fleiri nemendum
- Kostur að geta gengið í skólann (f. flesta)
- Skólamenning með nemenda og kennara heldur sér
- Einfaldasta lausnin, minnsta raskið – mestur ávinningur
- Með þessu getum við haldið áfram með heildstæðan skóla

Veikleikar og ógnanir:

- Börnin sem búa neðst í dalnum ættu að fá að vera í Dalskóla
- Að geta ekki gengið í skólann (f. suma)
- Erfiðari rekstur fyrir Sæmundarskóla
- Skrýtið að færa nemendur sem búa næst Dalskóla í Sæmundarskóla.
- Leysir ekki frístundavandann.

6.3.a Sæmundar- og Dalskóli verði barnaskólar og Ingunnarskóli unglingaskóli

Styrkleikar og tækifæri:

- Að þurfa ekki að umbylta skólalóðinni, aðlaga hana yngri börnum. miðað við aukningu um 200 börn í 1.-7. bekk Ingó.
- Styrking fyrir íslenskuver að aldursgreina inn í verið. Eldri börn þurfa auka stuðning. Íslenskuver myndi þá vera á aldursbilinu 8.-10.b þá og annað íslenskuver í yngri skólum (myndi henta vel)
- Auðveldara að aðlaga íslenskuver inn í þann skóla sem það er staðsett í ef það er ekki bæði miðstig og unglingastig í íslenskuveri.
- Hverfið er að eldast.
- Færri yngri nemendur
- Betra útisvæði í Sæmundarskóla

Veikleikar og ógnanir:

- Íslenskuver f. 5.-10.b myndi ekki passa vel inn í unglingaskóla ef það helst óbreytt
- Afar litlar listgreinastofur
- Ekki eins góð aðstaða fyrir valgreinar
- Erfitt að sækja skóla (yngri nem) í „annað“ hverfi
- Kennara þurfa að færa sig (önnur starfstöð), sumir munu hætta
- Rót að skipta um skóla á viðkvæmum aldri

6.3.a Sæmundar- og Dalskóli verði barnaskólar og Ingunnarskóli unglingaskóli

Styrkleikar og tækifæri:

- Betri aðstaða fyrir frístund
- Með skiptingunni eru fleiri kennarar á sama sviði til að vinna í teymisvinnu
- Ingunnarskóli verði unglingaskóli
- Sterkari unglingamenning, faglegri kennsla o.þ.h.
- Nemendafjöldi gefur svigrúm fyrir félagsmiðstöð og gott unglingarými
- Hverfið hér eldra, meira um sérbýli, fleiri unglingar + færri yngri börn
- Lengsta vegalengdin í íþróttastarf og sund og því ættu unglingarnir að vera þar, þau geta gengið/hjólað
- Minnst lagt í skólalóð í Ingó og unglingar nýta það minnst

Veikleikar og ógnanir:

6.3.b Ingunnar- og Dalskóli verði barnaskólar og Sæmundarskóli unglingaskóli

Styrkleikar og tækifæri:

- Stofur í Sæmó henta betur í það en stofur í Ingó. Listgreinastofur betri og henta betur fyrir unglingastarf
- Húsnæðið er í stakk búið til að mæta margskonar valgreinum.
- Skólastofur stærri og hannaðar til þess
- Meiri sérhæfing, meira félagslíf, hægt að bjóða fleiri valgreinar.
- Byggja upp sterka unglingamenningu.
- Meiri sérhæfing
- Unglingafélagsmiðstöð tilbúin í Sæmó.

Veikleikar og ógnanir:

- Ókostur er að hætt er við að kennarahópurinn splittist.
- Uppbyggingar og þróunarstarf síðustu ára færi farið fyrir lítið
- Búningsklefar í íþróttahúsi of litlir.
- List- og verkgreinastofur of litlar fyrir unglinga
- Of margir í sama rými, skólinn yrði of lítill
- Íslenskuver er fyrir 5.-10.b og passar hvergi inn ef skólum er skipt eftir aldri.
- Ingunnarskóli er allt of lítill fyrir 1.-7.bekk (springur strax) – þá þarf strax að byggja við skólann.

6.3.b Ingunnar- og Dalskóli verði barnaskólar og Sæmundarskóli unglingaskóli

Styrkleikar og tækifæri:

Veikleikar og ógnanir:

- Ókostur, engin smíðastofa f. 11.-7.bekk í Ingunnarskóla (smíði oftast kennd á yngri stigum)
- Hugsanlega miklar starfsmannabreytingar

6.3.C Sama sviðsmynd og 6.3. b nema Dalskóli fengi nemendur úr 1.-7. bekk úr Reynisvatnsási

Styrkleikar og tækifæri:

Veikleikar og ógnanir:

- Þröngt í Ingunnarskóla, stórir bekkir
- Skólabílar dýrir í rekstri og mengandi

Samantekt og ábendingar

- Nemendur sem búa við Skyggnisbraut og ofarleg í Úlfarsárdal kæmu með skólabíl í Ingunnarskóla
- Minnsta rask fyrir alla
- Klausturstígur og Þorláksgeisli (allur) tilheyri Ingunnarskóla
- Börn í Reynisvatnsási verða að fara í Sæmundarskóla
- Fyrstur kemur fyrstur fær eins og á leikskólum. T.d. ef skólinn sem sótt er um er fullur færist umsóknin á annan skóla.
- Breytingin í sviðsmynd 6.2
  - Börnin sem búa neðst í Úlfarsárdal færu í Dalskóla
  - Börnin sem eru búsett efst í Dalnum og þá nær þeim stað þar sem nýr skóli verður reistur færu í Sæmundar- eða Ingunnarskóla

Sameiginleg umsögn skólaráðs, stjórnar foreldrafélags og starfsmanna Sæmundarskóla varðandi sviðmyndir úr skýrslu starfshóps um framtíð skóla og frístundastarfs við Ingunnar-, Dals- og Sæmundarskóla.

Skólaráð, stjórn foreldrafélags og starfsmenn Sæmundarskóla ákváðu að skrifa sameiginlega umsögn. Búið var til deiliskjal sem unnið var í sameiningu af skólaráði. Fulltrúi stjórnar foreldrafélags í skólaráði sá um að ná inn röddum stjórnar. Bréfið var lagt fyrir kennarafund þann 15. febrúar til að fá ábendingar úr þeim hópi líka auk þess sem málið var kynnt á fundi almenns starfsfólks í Sæmundarskóla.

Varðandi sviðsmynd 6.1. óbreytt fyrirkomulag
Hópurinn er einróma, vilji er til að styðja óbreytt fyrirkomulag með eftirfarandi rökum.

Þegar ákveðið var að í hverfinu yrðu þrír heildstæðir grunnskólar voru unnar spár um fjölda nemenda í hverfinu. Þar komu fram að lægðir og toppar séu í nemendafjölda sem ætti ekki að koma á óvart nú. Íbúar keyptu húsnæði í því trausti að börnin hafi aðgang að heildstæðum grunnskóla.

Sæmundarskóli er í jafnvægi í nemendafjölda og samkvæmt nemendaspám verður skólinn í jafnvægi næstu ár. Skólahald við Gvendargeisla 168 er á 19. starfsári og hefur skólinn komið vel út í öllum viðhorfsmælingum frá upphafi og almenn ánægja ríkir með skólasamfélagið í Sæmundarskóla.

Foreldrar eru ánægðir með skólann og telja langflestir að barninu/börnunum líði vel í skólanum. Byggst hefur upp sterkt samstarf foreldra og skóla, foreldrafélagið hefur verið virkt frá upphafi og alltaf hefur gengið vel að fá foreldra til að starfa í skólaráði.
Hér má sjá samantekt spurninga úr síðustu foreldrakönnun þar sem tölurnar tala sínu máli:

Varðandi sviðsmynd 6.2 um breytt skólahverfamörk
Skólaráð Sæmundarskóla lagðist gegn þeim tillögum árið 2016 og er enn sama sinnis. Ef mörkin verða færð þá fækkar nemendum í Sæmundarskóla sem leiðir líklega til rekstrarörðugleika. Ekki er hægt að sjá að þetta breytist þó að nemendur neðst í Úlfarsárdal komi í Sæmundarskóla. Hætt er við að nemendur sem nú eru Dalskólamegin skili sér ekki í Sæmundarskóla þar sem þessar íbúðir liggja í sömu götu og Dalskóli. Á upplýsingafundi með skóla- og frístundasviði var talað um að hér væri átt við Reynisvatnsásinn en nemendur sem búa þar eiga nú þegar skólavist í Sæmundarskóla.

Varðandi sviðsmynd 6.3. tveir barnaskólar og einn unglingaskóli

Einróma er lagst gegn þeirri sviðsmynd og andstaðan er mest við hana.

Í stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf kemur fram:

- Að það þyki skynsamleg ráðstöfun að starfsemi leikskóla, yngsta stigs grunnskóla og frístundaheimilis samnýti aðstöðu, eins og kostur er. Undir einu þaki fléttast saman umhyggja, nám og þroskavænlegt umhverfi þar sem ólíkar fagstéttir skapa samfellt skóla- og frístundastarf í nánu samstarfi.
- Að gert er ráð fyrir að færri komi á bíl og fleiri komi gangandi, hjólandi eða nýti almennissamgöngur.
- Að lögð sé áhersla á að barnafjölskyldur upplifi samfellu með viðeigandandi stíganda í umhverfi og starfi barna.

Samkvæmt Grænu plani Reykjavíkurborgar er mikilvægt að börn gangi í skólana. Í þessu hverfi eru leik- og grunnskólar staðsettir mjög nálægt hvor öðrum. Sæmundarskóli og Reynisholt eru sitthvoru megin við Gvendargeislann, Ingunnarskóli og Maríuborg eru með sama bílaplan og Dalskóli er með leikskólahluta í og mjög nálægt skólabyggingunni. Þessi nálægð býr til umhverfi sem styður við sjálfbærni og börnin í fjölskyldunum geta verið samferða í leik- og grunnskólann og geta auðveldlega gengið sína leið eins og fyrirkomulagið er í dag.

Tillögur sem snúa að því að einn unglingaskóli verði í hverfinu og tveir skólar fyrir yngri börn vinna gegn þessum markmiðum. Ólíklegt er að nemendur munu ganga í skólann þessar vegalengdir, enn ólíklegra er að nemendur geri það yfir veturinn. Hverfið er í austurhluta borgarinnar þar sem veður eru oft válynd, veðurviðvaranir taka þetta gjarnan fram. Yfir háveturinn er varla göngufært í hverfunum vegna snjóa og hálku.

Þessar breytingar sem lagðar eru til munu einnig hafa kostnað í för með sér. Byggingarnar eru allar hannaðar sem heildstæðar skólabyggingar og er því aðstaða og skólabúnaður keyptur inn með það í huga. Dæmi um það eru skápar fyrir eldri nemendur og snagar fyrir þau yngri. Einnig hafa verið keypt inn húsgögn sem hæfir aldri nemenda og er ólíkt viðar- og litaval í öllum skólunum. Það þarf því að færa til búnað og setja saman húsgögn sem passa ekki saman eða kaupa inn ný.

Frá starfsmannahópi Sæmundarskóla

Starfsmannahópur Sæmundarskóla tekur undir allt sem hér kemur fram og vill gjarnan bæta við. Í skólanum hefur byggst upp öflugt samfélag starfsmanna sem hefur kosið að starfa saman við að byggja heildstæðan grunnskóla á þann hátt sem þeir eru stoltir af. Gróska hefur verið í skólanum og starfsfólk hefur alltaf verið tilbúið til að læra nýja hluti og þróa sig áfram saman í starfi. Hér hefur skólinn innleitt samræmd vinnubrögð og framsækið námsmat sem hefur vakið athygli. Skólinn á lestrarstefnu og er ritunarstefna í undirbúningi. Gott samstarf er í skólanum og er markvisst unnið að flæði milli ólíkra stiga og kennarar fara reglulega á milli og deila hugmyndum. Í Sæmundarskóla er skólabragur góður, vinaliðaverkefnið verið innleitt og allir kennarar farið á námskeið í vinnubrögðum Kvan. Í skólanum eru hefðir þar sem eldri nemendur fá tækifæri til að sjá um þau yngri. Starfsmenn eru ánægðir með samstarf við foreldra sem hefur verið farsælt alla tíð. Að lokum vilja starfsmenn benda á að í Sæmundarskóla er lítil starfsmannavelta, hér ríkir traust og almenn ánægja er með stjórnun. Félagslíf starfsmanna er gott og mikil þátttaka í viðburðum á vegum skólans. Starfsfólk vill fá að vinna áfram að því að gera góðan skóla enn betri.

Frá stjórn foreldrafélag Sæmundarskóla
Stjórn foreldrafélags Sæmundarskóla styður heilshugar sviðsmynd 6.1 óbreytt fyrirkomulag og tekur undir þau rök sem koma hér fram að ofan gegn sviðsmyndum 6.2 og 6.3.
Auk þess vill stjórnin koma eftirfarandi á framfæri eftir samtöl við foreldra og athugasemdir foreldra á íbúaráðsfundi þann 15. febrúar 2023:

- Frá sjónarhorni foreldra þá kallar sviðsmynd 6.3 á aukið flækjustig:
    - Fylgjast þyrfti með tveimur skóladagatölum fyrir þær fjölskyldur sem eiga börn í barnaskóla og í unglingaskóla.
    - Mun meiri akstur yrði innan hverfisins á morgnanna og foreldrar myndu frekar velja þann valkost að keyra börnum í skólann á leið í vinnuna í stað þess að velja skólaakstur.
    - Yngsta stigið 1. til 4. bekkur sem nýta frístund myndu síður vera látin ganga heim á milli klukkan fjögur og hálf fimm þar sem aukinn umferð er í hverfinu á þeim tíma. Það hefur gengið illa að manna frístund og því yrðu foreldrar yngsta stigs settir í erfiða stöðu að þurfa sækja börnin um klukkan hálf tvö að skóladegi loknum.
- Eins og fram hefur komið þá er Sæmundarskóli byggður sem heildstæður grunnskóli og það má því líka hafa í huga að miklar breytingar þyrfti að gera á skólalóðinni sjálfri.
- Auk þess væri mikil eftirsjá af nálægð við náttúruna og Reynisvatn sem skólinn nýtir gjarnan og er hluti af sérstöðu skólans.
- Í kynningu frá skóla- og frístundasviði kom fram að halda eigi vinnustofur með börnum og ungmennum í hverfinu. Stjórn foreldrafélagsins leggst gegn því að kynna tillögurnar fyrir nemendum þar sem það er ekki tímabært á þessu stigi málsins.
- Reykjavíkurborg er fjölskylduvæn borg, höldum henni þannig áfram.

Af öllu þessu má sjá að það er eindregin vilji allra sem byggja upp skólasamfélag Sæmundarskóla að standa vörð um skólann og er skorað á stjórnvöld að taka lífsgæði íbúa og starfsmanna fram yfir fjárhagslegan ávinning.

Tillögur til að leysa þann vanda sem Dalskóli og Ingunnarskóli eru í vegna nemendafjölda.

- **Tillaga 1:** Unglingar í Dalskóla fari í Ingunnarskóla. Sæmundarskóli verði óbreyttur enda er ekki vandi þar.
  Eins og sjá má á myndum hér fyrir neðan þá er sambærileg lengd frá Reynisvatnsási að Ingunnarskóla eins og er frá Úlfarsárdal yfir í Ingunnarskóla



- **Tillaga 2:** Rými í Dalskóla og menningarmiðstöðinni Miðdal verði betur nýtt til að mæta nemendafjölda á meðan hann er í hámarki eða bæta við skúrum eins og víða er þekkt. Byggja yfir leikskólahlutann annars staðar eða bæta við nýjum leikskóla í hverfið.

Ábending: Á deiliskipulagi er reitur merktur ÍB58, Úlfarsárdalur-austurreitur, nýr íbúareitur sem sýnir að í því fyrirhuguð er töluverð uppbygging og mun líklegast kalla á róttækar breytingar eins og nýjan skóla í Úlfarsárdal þar sem nemendur fylla nú þegar skólann. Ef þarf að byggja nýjan skóla í Úlfarsárdal þá er hægt að leysa vanda Dalskóla um leið.

Skóla- og frístundaráð Reykjavíkur

Höfðatorg 12 – 14

105 Reykjavík

22.mars 2023

Umsögn starfsfólks félagsmiðstöðvanna Fókus, Fellsins og Plútó vegna tillagna um endurskipulag skólahverfa í Úlfarsárdal og Grafarholti, 2023

Starfsfólk félagsmiðstöðvanna Fókus við Ingunnarskóla, Plútó í Sæmundaskóla og Fellsins í Dalskóla hafa farið yfir þær tillögur liggja fyrir um endurskipulag skólahverfa í Úlfarsárdal og Grafarholti. Út frá forsendum félagsmiðstöðvarstarfs styður starfsfólk félagsmiðstöðvanna tillögu 1, þ.e. óbreytt fyrirkomulag.

Rökstuðningur starfsfólks félagsmiðstöðvanna Plútó, Fellsins og Fókus byggir á því að með óbreyttu fyrirkomulagi teljum við að þjónusta við nemendur í hverfinu, bæði í unglinga- og miðstigsstarfinu, minnki og fjarlægðirnar hindri þátttöku í starfinu.

Starfsfólk hefur töluverða reynslu af þessu enda voru breytingar gerðar í félagsmiðstöðvastarfinu 2022 þegar Fókus sem þjónustaði alla þrjá skólana varð að þremur félagsmiðstöðvum og hver skóli fékk sína félagsmiðstöð; Fellið í Dalskóla, Plútó í Sæmundarskóla og Fókus í Ingunnarskóla.

Síðasta ár hefur sýnt að náðst hefur betri tenging við nemendur skólanna, starfið orðið öflugra og öll þjónusta nær nemendum. Úthlutunarlíkan Skóla- og frístundasviðs gagnvart félagsmiðstöðvastarfi er þannig að starfsfólk þriggja lítilla félagsmiðstöðva munu aldrei hafa jafn mörg stöðugildi og ein stór með sama barnafjölda.

Skv. R&G á infogram síðu Reykjavíkurborgar má sjá skýrt hvernig mæting hefur aukist í félagsmiðstöðvunum í 113 eftir að hver skóli fékk sína félagsmiðstöð. Árið 2021 sögðust 43% í 8.-10. bekk sækja félagsmiðstöðina en árið 2022 eftir breytingar þá segjast 59% sækja félagsmiðstöðina.

Fyrir hönd starfsfólks félagsmiðstöðvanna í Fellinu, Fókus og Plútó,

Sæunn Heiða Marteinsdóttir forstöðumaður Fellsins

Hera Jónsdóttir forstöðumaður Plútó

Valentína Tinganelli forstöðumaður Fókus

Reykjavíkurborg

Reykjavík, 16. mars 2023
SFS22040092

Skóla- og frístundasvið
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Umsögn íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals um skýrslu starfshóps um framtíð skóla- og frístundastarfs við Ingunnar-, Dals-, og Sæmundarskóla

Á fundi íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals þann 15. mars var lagt fram að nýju bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 7. febrúar 2023 með beiðni um umsögn ásamt skýrslu starfshóps um framtíð skóla- og frístundastarfs við Ingunnar-, Dals-, og Sæmundarskóla. Jafnframt var lögð fram og samþykkt umsögn íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals dags. 15. mars, sbr. 1. liður fundargerðar ráðsins sama dag.

Fulltrúi Samfylkingar lagði fram svohljóðandi bókun:

> Fulltrúi Samfylkingar tekur undir mikilvægi þess að koma sjónarmiðum íbúa á framfæri en á sama tíma þarf að horfa til íbúaþróunar innan hverfisins, samnýtingu húsnæðis og mannvirkja í anda Græna plansins, skynsamlegri ráðstöfun fjármuna og faglegum sjónarmiðum kennslu.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

> Enn og aftur fara meirihlutaflokkarnir í borgarstjórn af stað með hugmyndir um breytingar á skólahaldi í eystri byggðum borgarinnar sem valda uppnámi og óvissu. Íbúar hafa mátt þola töluverða röskun á skólastarfi á uppbyggingarárum hverfisins og því óskiljanlegt þegar loksins er kominn stöðugleiki í skólamálunum að verið sé að koma þeim í uppnám og valda foreldrum og starfsfólki skólanna áhyggjum. Aukin íbúafjölgun til framtíðar gæti kallað á byggingu nýs skóla en þá er mikilvægt að gott samráð verði haft við íbúa hverfisins um þróun skólastarfsins.

Þessu er hér með komið á framfæri ásamt hjálagðri umsögn íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals um skýrslu starfshóps um framtíð skóla- og frístundastarfs við Ingunnar-, Dals-, og Sæmundarskóla.

Virðingarfyllst,
Heimir Snær Guðmundsson
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Starfsmaður íbúaráðs Reykjavíkurborgar

Hjálagt: Umsögn íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals um skýrslu starfshóps um framtíð skóla- og frístundastarfs við Ingunnar-, Dals-, og Sæmundarskóla.

15.mars 2023

Umsögn íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals um skýrslu starfshóps um framtíð skóla- og frístundastarfs við Ingunnar-, Dals- og Sæmundarskóla

Íbúaráði Grafarholts og Úlfarsárdals hefur borist til umsagnar frá skóla- og frístundarsviði skýrsla starfshóps um framtíð skóla- og frístundarstarfs við Ingunnar-, Dal- og Sæmundarskóla. Í skýrslunni er stillt fram ólíkum sviðsmyndum varðandi framtíðarskipan þessarar starfsemi í hverfinu sem byggist á ítarlegri greiningu á nemendafjölda og fyrirsjáanlegri íbúaþróun á næstu árum.

Segja má að skýrslan endurspegli annars vegar vaxtarverki Dalskóla í kornungu hverfi Úlfarsárdalsins en hins vegar þá staðreynd að Grafarholtið er orðið grónara hverfi, börnum á skólaaldri hefur fækkað í hlutum þess og Ingunnarskóli er orðinn fámennari en áður var. Vert er að halda því til haga að Sæmundarskóli er rekstrarbær eining og verður til fyrirsjáanlegrar framtíðar. Til að flækja myndina enn frekar þarf að horfa til rekstur frístundastarfs og félagsmiðstöðva í hverfinu. Ábyrgð borgarinnar er m.a. sú að tryggja sem hagkvæmasta nýtingu húsnæðis, bæði til að fara vel með skattfé borgarinnar en einnig til að uppfylla umhverfismarkmið sín, þar verður að horfa til ýmissa þátta s.s. góðrar nýtingar á húsnæði en einnig ferðamáta, meðfylgjandi vegalengda og kolefnisspors. Ljóst er að horfa verður til þessara sjónarmiða sem og þess að allir skólar teljist rekstrarbærar einingar frá fjárhagslegu og faglegu sjónarmiði.

Kynning á valkostagreiningunni fór fram á fjölmennum íbúaráðsfundi þann 15. febrúar, sem sprengdi utan af sér hið hefðbundna fundarhúsnæði ráðsins. Dreifing fundargesta um hverfið var ekki jöfn, sem skýrist af því að fréttir af fundinum bárust fremur seint og tilviljanakennt. Þannig var talsverður meirihluti fundarmanna foreldrar barna úr Sæmundarskóla. Ekki er þó ástæða til að ætla að sú skekkja hafi haft mikil áhrif á niðurstöðuna og heita má að almenn samstaða hafi ríkt um það viðhorf að velja skuli þá leið sem felur ekki í sér stofnun safnskóla, heldur byggir á núverandi fyrirkomulagi skólastarfs.

Rök fundarmanna voru mjög á þá leið að íbúar hverfisins hafi mátt þola ýmsa röskun á skólastarfi á uppbyggingarárum síðustu missera og að ósanngjarnt sé að grípa enn til uppstokkana nú þegar loksins má segja að ró sé farin að færast yfir. Fyrirsjáanlegri offjölgun nemenda í Dalskóla verður að mæta og hljóta þar ýmsar leiðir að koma til greina, s.s. notkun bráðabirgðahúsnæðis líkt og stungið er upp á skýrslunni, stofnun nýs leiksskóla sem gæti létt á leikskólahaldi í dalnum og þannig losað húsnæði eða jafnvel stofnun nýs grunnskóla sem hlyti að koma til greina ef ákveðið verður að stækka hverfið ört á næstu árum.

Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals gerir framangreind sjónarmið að sínum enda virðast þau í góðu samræmi við almenna afstöðu íbúa í hverfinu.

Virðingafyllst
Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsársdals

Framtíð skóla- og frístundastarfs við Ingunnar,- Dals og Sæmundarskóla.

Umsögn ungmennaráðs Árbæjar- og holta

Á fundi ungmennaráðs mánudaginn 6. mars ræddum við þær sviðsmyndir sem starfshópur um framtíð skóla og frístundastarfs við Ingunnar-, Dals og Sæmundarskóla höfðu lagt fram.

Meðlimir ungmennaráðsins sem mættir eru á fundinn eru flestir úr hverfi 110 en aðeins einn meðlimur úr 113. Meðlimir ráðsins litu svo á að þar sem flest þeirra búi ekki í hverfunum sem um ræðir þá eru þau að meta sviðsmyndirnar með öðru sjónarhorni heldur en þeir sem búa í hverfinu, án persónulegra árekstra.

Eftir að hafa fræðst lauslega um breytingatillögurnar og farið yfir sviðsmyndirnar þá höllumst við að því að sviðsmyndin „tveir barnaskólar og einn unglingaskóli“ sé besta sviðsmyndin.

Sviðsmyndin óbreytt kemur líka til greina en þekking á núverandi stöðu er kannski ekki nægilega mikil til þess að taka þá ákvörðun.

Breyting á skólahverfamörkum var ekki talin góð sviðsmynd.

Í umræðunum komu þessi rök fram:

Að sameina í unglingadeild þekkjum við úr Árbæjarskóla. Það er margt jákvætt við stóra unglingadeild. Fjölbreytni og auknir möguleikar á vinatengingum. Í staðinn fyrir ágreining og samkeppni getur sameiginleg unglingadeild sameinað og myndað jákvæða menningu. Einnig getur það verið hollt að skipta um umhverfi og spennandi að færa sig í stærri skóla þegar maður fer upp í unglingadeild. Félagslífið verður skemmtilegra.

Hins vegar getur verið erfitt að þurfa að fara langa vegalengd í skólann og því teljum við mikilvægt að það verði skólarúta eða bein leið í strætó á milli hverfanna og skólanna.

Virðingarfyllst,

Ungmennaráð Árbæjar- og holta

Niðurstöður frá 1.-4. bekk í Dalskóla og Ingunnarskóla

Almennt:

- almennur vilji til þess að halda skipulagi óbreyttu
- Skiptar skoðanir um kosti og galla þess að hafa skólastofur í skúrum
- Spenna fyrir því að hafa stærri barnahópa og fleiri tilvonandi vini
- Vegalengd á milli skóla er vandamál ef það á að færa skólahverfi
- Spenna fyrir því að unglingar séu í sér skóla
- Minni læti í barnaskólum ef unglingar eru í sérskóla

Sviðsmynd 1:



Börnunum í Dalskóla fannst skipta miklu máli hvar skúrarnir væru staðsettir og höfðu skýra hugmyndir um hvar væri best að hafa þá til að lágmarka labb. Best væri þó ef það væri göng úr skúrunum eins og er yfir í íþróttahúsið í dag. Það væri hins vegar alltaf leiðinlegra að vera í skúr því þá þarf maður alltaf að fara í og úr skóm á milli tíma. Það væri líka mikilvægt að velja vel hvaða börn færu í skúrana.

Börnunum í Ingunnarskóla leist vel á þessa hugmynd og fannst betra að hugsa til þess að það yrði ekki lengra labb í skólann. Þá væri meira pláss fyrir frístundastarf og þau væru laus við umferðina við núverandi húsnæði Stjörnulands.

Sviðsmynd 2:



Börnin í Dalskóla voru ekki hrifin af þessari hugmynd og fannst ósanngjarnt að þurfa að skipta um skóla. Sérstaklega höfðu þau áhyggjur af vegalengdinni og að geta ekki hjólað í skólann lengur. Þau sáu þó mögulega einn jákvæðan hlut og það væri að vera í símanum í skólabílnum ef hann væri.

Börnin í Ingunnarskóla voru spennt fyrir því að vera fleiri í skólanum og geta eingast fleiri vini. Þau höfðu þó áhyggjur af því hvað það yrði langt í skólann fyrir marga og meira skutl. Einnig fannst þeim áhyggjuefni að vinir sem byggju nálægt hvor öðrum gætum mögulega ekki verið saman í skóla.

Sviðsmyndir 3 A, B og C:



Börnin í Dalskóla voru sammála um að það gæti verið gott að hafa sérskóla fyrir unglingana, þá væru engin lítil börn að pirra þá og það væri mikil læti í unglingunum sem gætu truflað yngri nemendur. Þau voru þó ekki viss hvort þau hefðu sjálf áhuga á að þurfa að skipta um skóla þegar að því kæmi að fara í unglingadeild.

Börnin í Ingunnarskóla voru á sama máli að það væri jákvætt fyrir unglingana að hafa sérskóla, þá væru fleiri vinir saman í skóla og einhverjum fannst það kostur að þau væru laus við yngri systkini. Aðrir sáu það hins vegar sem galla að systkini gætu ekki verið saman í skóla. Eins höfðu þau áhyggjur af því að þurfa að labba langar vegalengdir í skólann.

Samantekt út frá umræðum í vinnusmiðju 9. mars 2023

Margir kostir voru taldir við að hafa fyrirkomulag skólastarfsins óbreytt og bent á að breytingar geta verið erfiðar fyrir sum börn. Ef engar breytingar verða gerðar geta systkini á ólíkum aldri verð áfram saman í skóla óháð aldri, áfram geta flestir gengið í sinn skóla og félagsmiðstöð, börn eru allan sinn grunnskólaaldur í sama grunnskóla og sumum finnst kostur að hafa yngri og eldri börn saman í skóla. Svo fannst sumum bara vesen og óþarfi að það ætti mögulega að gera breytingar og ekki gott fyrir foreldra að eiga börn í mismunandi skólum, t.d. í tengslum við skutl í skólann.

Bent var á að það væri ekki spennandi kostur að þurfa að vera í lausum kennslustofum þegar skortur verður á plássi í skólanum vegna of mikils fjölda barna og mikill fjöldi þýðir að það verða mögulega mikil læti í skólanum. Sumum unglingum finnst ekki spennandi að vera með yngri krökkum í skóla og finnst kostur að vera í unglingaskóla þar sem eru fleiri unglingar en væru annars. Fækkun unglinga í Ingunnarskóla muni mögulega hafa í för með sér verra félagslíf og því gæti unglingaskóli verið góður kostur.

Áhugavert

- Mér finnst skrítið að vera að blanda Sæmó inn í þessar breytingar af því að við erum með hæfilega marga nemendur.
- Smá stressandi að hugsa að systir mín þurfi að vera í troðnum skóla.
- Það þarf að skipuleggja skólastarfið vel, t.d. pásur og matartíma.
- Ef engu er breytt þá líður mér vel.

Það þótti jákvætt að miðað við þessa sviðsmynd yrði meira og betra pláss fyrir alla í skólunum þremur og fjöldinn væri í samræmi við það húsnæði sem er fyrir hendi. Bent var á að þau myndu mögulega kynnast einhverjum nýjum krökkum og að það þyrfti að undirbúa þessar breytingar vel ef af þeim verður.

Mun meira var um neikvæðar en jákvæðar athugasemdir varðandi þessa sviðsmynd. Talað var um að með þessum breytingum þyrftu sum börn að ganga lengra í skólann en áður og mögulega myndu vinahópar tvístrast. Þetta myndi kalla á að fleirum væri skutlað í skólann sem er ekki umhverfisvænt og það sama gildir ef það yrðu skólarútur fyrir þá sem þyrftu lengst að fara. Bent var á að breytingar geta verið erfiðar fyrir sum börn og þess vegna væri betra að hafa skóla- og frístundastarfið eins og það er.

Áhugavert

- Úlfarsárdalur er enn að stækka og þarf þá aftur að breyta skólahverfamörkum seinna?
- Byggja annan stóran leikskóla í Úlfársdal af því að það er alltaf verið að kvarta yfir leikskólaplássum og svo getur 1. – 4. bekkur verið í leikskólabyggingunni við Dalskóla og þá er nóg pláss.
- Leyfa krökkunum að velja í hvaða skóla þau fara.
- Búin að bíða í tíu ár eftir góðu húsnæði í Dalskóla og þá að að færa mig annað.



Sumum fannst hljóma spennandi að vera í unglingaskóla og með því væru þau með fleiri krökkum á sínum aldri í skóla og gætu mögulega eignast fleiri vini en annars. Það væri líka jákvætt að jafna fjöldann í skólunum þannig að það væri betra pláss á öllum stöðum. Félagslífið gæti orðið betra og skemmtilegra og með því að undirbúa 7. bekkinga og leyfa þeim að hittast áður en þeir fara í unglingaskólann væri hægt að gera breytingarnar auðveldari.

Þetta myndi þýða að hópur barna þyrfti að skipta um skóla sem mörgum leist illa á. Fyrir mörg börn væri mun lengra að fara í skólann sem væri ókostur og þá þyrfti að bjóða upp á skólarútur eða taka strætó. Þetta væri sérstaklega slæmt fyrir börn í 1. – 7. bekk sem búa nálægt Ingunnarskóla því það yrði langt fyrir þau að fara í skólann. Einnig var bent á að búið er að skapa margar hefðir í skólunum þremur sem gætu tapast og það væri slæmt. Þessar breytingar gætu valdið kvíða hjá ákveðnum hópi barna.

Áhugavert

- Mín hugmynd að hafa einn skóla fyrir 1. – 4. bekk, einn fyrir 5. – 7. bekk og einn fyrir 8. – 10. bekk.
- Litlu krakkarnir tapa því að hafa unglinga sem fyrirmyndir.
- Ef ég væri í 7. bekk hefði ég viljað þetta.
- Láta alla vita með góðum fyrirvara og passa upp á að allir hugsi um þetta á jákvæðan hátt.



Sumum finnst gaman og spennandi að vera í fjölmennari unglingadeild þar sem koma saman unglingar úr skólunum þremur. Þetta myndi einnig verða til þessa að skólarnir í þessum hverfum rúma betur alla nemendur og þannig væri húsnæðisvandinn leystur. Mörgum unglingum finnst þægilegt að hafa ekki yngri krakka í skólanum og sjá möguleika á að kynnast fleirum og eignast nýja vini. Félagslífið yrði mögulega betra með tilkomu unglingaskóla.

Bent á að margir þurfa að fara lengri leið í skólann, ekki allir sem geta labbað í skólann í kjölfar þessara breytinga. Veðrið á veturna á Íslandi er ekki alltaf þannig að það sé auðvelt að labba langa leið í skólann og strætósamgöngur ekki alltaf nægilega góður kostur, gæti þurft að hafa skólarútur. Það getur verið erfitt að þurfa að skipta um skóla og margir með blendnar tilfinningar gagnvart því auk þess sem systkini á ólíkum aldri færu þá ekki í sama skóla. Fram komu áhyggjur af því að einelti gæti aukist með tilkomu unglingaskóla.

Áhugavert

- Hafa krakka í sama bekk sem koma úr sama skóla/hverfi.
- Skólinn þyrfti að byrja seinna af því að það þarf að koma sér á milli hverfa til að fara í skólann.
- Hafa frítt í strætó fyrir öll börn í hverfinu.



Það þótti jákvætt að ef það væri sérstakur unglingaskóli þá myndu unglingarnir vera lausir við læti frá yngri krökkum, hafa tækifæri til að kynnast fleiri unglingum og eignast vini úr hinum hverfunum. Viðburðir og félagslíf yrði skemmtilegra með auknum fjölda unglinga. Þessi sviðsmynd myndi leysa húsnæðisvandann og fjöldinn í hverjum skóla myndi henta betur viðkomandi húsnæði. Bent var á að af því að unglingarnir yrðu í sérstökum unglingaskóla gætu þeir ekki lagt yngri krakka í skólanum í einelti og það var talin kostur.

Það þótti neikvætt að það yrði lengra fyrir marga að fara í skólann og mögulega þyrftu foreldrar að skutla systkinum í fleiri en einn skóla. Enginn af skólalóðunum þremur þótti henta sérstaklega vel fyrir unglingaskóla og það þyrfti að gera ráðstafanir varðandi það í Sæmundarskóla miðað við þessa sviðsmynd. Fyrir þau sem eiga yngri systkini í sama skóla eins og staðan er núna gæti verið leiðinlegt að vera ekki með þeim í skóla og geta ekki passað upp á þau á skólatíma.

Áhugavert

- Flott útisvæði við Sæmundarskóla sem hentar yngri krökkum sem myndi þá ekki nýtast í unglingaskólanum.
- Ef eitthvað er að félagslega hjá unglingi eða hann er lagður í einelti yrði ekki lengur hægt að skipta um skóla innan hverfisins.
- Þyrfti að breyta skólalóðinni í Sæmundarskóla og gera hana unglingavæna.
- Reyna að auka samskipti á milli krakka í mismunandi skólum.
- Halda ró og halda áfram.